

voru miklir efnismenn, gætu notið sín; og engin þjóð í allri Norðurálfunni, þar sem líkt því eins margir hafa, miðað við fólksfjölda, dáðið af hungri, harðrétti og öðrum illum aðbúnaði.

En að vísu mun nú dögum fátæktar og vesaldar vera lokið fyrir íslensku þjóðinni, a. m. k. ef Adam Rutherford reynist eins sannspár um framtíð Íslendinga og hann hefir um ýmislegt annað reynst. Og svo vonum vér að verði, þó að horfurnar séu raunar allt annað en bjartar nú sem stendur. En verið getur, að um það, sem fyrir stafni jarðarskipsins virðist nú, megi segja eins og Njáll: Él eitt mun vera.

3. *Bruin*

Fyrir nokkrum árum var hér lengi í búðarglugga mynd, þar sem sjá mátti gljúfur geigvænlegt og brú á. Mjó var hún, handriðslaus, en út á þessa brú var að ganga barn, 2—3 ára. Þarna var þó engin hættu á ferðum, því að engill (með stóra, hvíta fuglsvængi út úr bakinu) hélt í höndina á óvitanum. Svona þyrfti að vera, og er þó því miður ekki nema í verkum sumra listamanna. En mikil væri þörfin á slíkri barnavernd.

Nú fyrir skömmu fréttist, að tveir 7 ára drengir hefðu druknað mjög slysalega, annar þeirra einkabarn; og þessa dagana segja blöð og útvarp frá ennþá hroðalegra slysi; 3 ára barn steypist ofan í sjóðheitan þvottalög og deyr eftir tveggja sólarhringa voðalegar kvalir. En nokkru áður hafði annað 3 ára barn soðnað til bana í hveralæk. Öllum kemur saman um, hvílíkir hörmungaratburðir slíkt eru, og ekki er ólíklegt, að fólk sem hefir þá trú, að öllu sé hér stjórnað af algóðum guði, sé í vandræðum með að gera sér grein fyrir því, að slíkt skuli geta átt sér stað. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að væri nokkur góð vera til, sem forðað hefði getað börnunum frá þessum hroðalega dauða, þá hefði það verið gert. Annað eins og þetta er það, sem ekki á að vera. Enginn má þó skilja mig svo sem ég vilji reyna til að telja nokkrum trú um, að ekki séu til góðar verur, oss mönnunum miklu fremri, meira að segja verur, sem er það mjög ríkt í hug að hafa áhrif til góðs hér á jörðu. En vandræðin eru

þau, að þessar góðu verur, sem vel mætti kalla guði sumar, geta að svo stöddu aðeins lítillega komið áhrifum sínum fram á þessari jörð.

Sumir hinir ágætustu spekingar Forn-Grikkja hafa haldið því fram, að hið guðlega nái ekki til vor hér á jörðu; eða þá aðeins mjög lítillega, til móts við það sem þyrfti að vera. Og þetta er óefað rétt. En heldur ekki neinn vafi á því, að þessi afleiti galli tilverunnar, eins og vér þekkjum hana, er ekki það sem ekki megi ráða bót á; og varla þarf að taka það fram, að engin vísindaleg rannsókn er meir áriðandi en sú, sem gæti leitt til þess að finna, hvernig það gæti orðið. Erfiðleikarnir stafa af því, að hið góða getur ekki sett sig í samband við hið ófullkomna og illa. Hér á jörðu verða nokkrar breytingar að gerast í framfaraátt, ef hið nauðsynlega samband við hið góða í alheimi á að geta tekist. Og byrjunaratriði er að komast að skilningi á eðli þessa sambands, öðlast vísindalega þekkingu á guðunum, gera sér alveg ljóst, af hvaða nauðsyn og hverjum rótum þessi trúarbrögð eru runnin, og þessi margvíslega guðsdýrkun, sem þó aldrei hefir orðið að fullum notum, og oft jafnvel miklu fremur til þess að auka hörmungar jarðlífsins, heldur en eyða þeim. Það er ekki fyrr en vér þekkjum sannleikann, sem vér förum að þekkja Guð svo að fullu gagni geti orðið. En hjá helstefnumannkyni er svo mikil hætta á, að menn telji sannleik, það sem einmitt er hin viðsjárverðasta lygi. Á ég þar t. d. við trúarsannfæringar, sem leiddu til eins skelfilegrar „guðsdýrkunar“ og tíðkaðist hjá Aztekunum í Mexíkó, þar sem svo hryllilega var farið með mennina, sem fórnfært var, að jafnvel hinir járnhörðu Conquistadores, spönsku hetjurnar, sem lögðu sig undir svo mikið af Vesturheimi, guggnuðu, þegar þeir sáu féлага sína þannig leikna. Og ennþá skelfilegri voru þó trúarathafnirnar í Karthagó, þar sem ungbörnum var fleygt í eld, öld eftir öld, þangað til Rómverjar gerðu endi á þessu athæfi með því að leggja Karthagó í rústir.